

# Melrakkasetur Íslands

Eyrardal – Súðavík



Mynd: Tobias Mennle

Ársskýrsla fyrir starfsárið

2010

## Efnisyfirlit

|                               |    |
|-------------------------------|----|
| Frá formanni stjórnar .....   | 3  |
| Frá forstöðumanni .....       | 5  |
| Stjórn og starfsmannamál..... | 6  |
| Samstarfsaðilar .....         | 6  |
| Stofnfélagar og hlutafé ..... | 7  |
| Fjármál .....                 | 8  |
| Verkefni 2010.....            | 9  |
| Áætlun 2011.....              | 14 |

### Frá formanni stjórnar

Þann 12. júní nk. er liðið eitt ár frá opnun sýningar um melrakkann í Eyrardalsbænum í Súðavík. Á sama tíma var Eyrardalsbærinn tekin í notkun eftir gagngerar endurbætur og afhent til afnota til Melrakkaseturs Íslands ehf.

Er óhætt að segja viðtökurnar frá þeim tíma hafa verið sérstaklega góðar, betri en vonir stóðu til og frá opnun til áramóta 2010-2011 má áætla að um 3.000 manns hafi skoðað sýninguna.

Árið 2010 var kostnaðarsamt fyrir félagið þar sem nær allur kostnaður vegna uppsetningar á sýningunni kom til gjalda og greiðslu á árinu og var það í samræmi við þær áætlanir sem gerðar höfðu verið. Heildarstofnkostnaður var um 16 millj. sem skiptist í launakostnað um kr. 11,0 millj. og um kr. 5,0 millj. vegna sýningarinnar sjálfrar. Sá kostnaður er þó ekki mikill þegar tekið er tillit til þess árangurs sem náðst hefur, þegar skoðuð er sú sýning sem sett hefur verið upp í Eyrardalsbæ, þeirra rannsóknaverkefna sem félagið hefur sett af stað og ekki síst þegar litið er til þess traust og velvilja sem félagið hefur náð að skapa sér meðal okkar allra.

Kostnaðurinn við uppsetningu sýningarinnar í Eyrardalsbænum var fjármagnaður með uppsöfnuðu eigin fé félagsins og nýs hlutafjár sem kom út úr hlutafjárukningu sem efnt var til á árinu 2010. Vegna þess er ánægjulegt að segja frá því að félagið hefur ekki þurft að fjármagna sig með lánsfé og því nýtist það fjármagn sem inn kemur 100% í reksturinn sjálfan sem er lykilstaða fyrir starfsemina.

Fjárhagslegur rekstur safna á Íslandi er ekki einfalt mál og á það einnig við um rekstur Melrakkaseturs Íslands ehf. Starfsemi setursins má í sinni einföldustu mynd skipta upp í tvo hluta, þ.e. sýningarhluta og síðan rannsóknar- og fræðilegs hluta.

Kjörstaða er að geta skapað sýningarhluta félagsins þannig rekstrarskilyrði að tekjur vegna sýningar, minjagripasölu, veitingasölu og sérverkefna nái að standa undir rekstrarkostnaði safnsins og að starf forstöðumanns verði fjármagnað með verkefnatengdum styrkjum, að stærstum hluta í samvinnu við ríkisstjórn.

Á árinu 2010 var unnið hörðum höndum að því að tryggja festu í fjármögnun á starfi forstöðumanns setursins í samvinnu við stjórnvöld, en fram til þessa hefur starfið verið að stærstum hluta fjármagnað með árlegu framlagi frá fjárlaganefnd Alþingis og með verkefnatengdum styrkjum, m.a. frá Menningarráði Vestfjarða og Vaxtasamningi Vestfjarða.

Á fundi ríkisstjórnar sem haldinn var á Ísafirði þann 5. apríl 2011 var ákveðnum áfangasigri náð þegar ríkisstjórnin ákvað að gerður yrði samningur milli Umhverfissráðuneytisins og Melrakkaseturs Íslands sem felur í sér 3,5 millj. framlag á ári árin 2010 og 2011, en fyrir hafði fjárlaganefnd Alþingis samþykkt 3,0 millj. framlag fyrir árið 2011.

Viðræður halda síðan áfram við Umhverfissráðuneytið um rannsóknaverkefni sem ráðuneytið mundi fjármagna sem mundi styrkja stoðir rannsókna- og fræðahluta félagsins enn frekar.

Það sem mestu skiptir fyrir félagið og framtíð þess er velvild og hefur hún sýnt sig hvort sem er hjá gestum safnsins, íbúum sveitarfélagsins, nærliggjandi sveitarfélögum, ríkisstjórn Íslands, fræðamönnum sem og öðrum. Sú velvild hefur verið innblástur fyrir stjórn félagsins og skapar mikla tiltrú á að framtíð setursins og að starfsemi þess verði björt.

Það hefur verið einkar ánægjulegt að vinna við þetta skemmtilega verkefni og vill ég þakka stjórn og framkvæmdastjóra fyrir mjög gott og árangursríkt samstarf á árinu.

Ómar Már Jónsson, formaður stjórnar

## Frá forstöðumanni

Í september 2007 var samankominn hátt í fimmtíu manna hópur forvitins fólks í samkomuhúsi Súðavíkurbrepps. Tilfnið var kynning á hugmynd að stofnun Melrakkaseturs sem yrði sett á laggirnar í gamla Eyrardalsbænum. Þarf varla að taka fram að margir voru fullir tortryggni enda undarleg hugmynd og fáheyrt að hægt væri að hafa tekjur af tófunni svo nokkru nemi. Einnig þótti gamla húsið of illa farið til að hægt væri að koma því í stand með góðu móti.

Á þessum sögulega fundi var lagður grunnur að því sem hér stendur í dag, formlega var stofnað einkahlutafélagið Melrakkasetur Íslands. Fjörutíu og þrjár stofnfélagar voru nógu bjartsýnir til að leggja fé í verkefnið og boltinn fór að rúlla.

Unnið var samkvæmt áætlun undirritaðrar, sem lögð hafði verið fram á stofnfundinum, en samkvæmt henni var gert ráð fyrir að sett yrði upp sýning í Eyrardalsbænum og Melrakkasetrið opnað í júní 2010. Á sínum tíma voru ekki margir sem höfðu trú á að fjárhagsáætlanir og tímasetningar stæðust. Í millitíðinni varð bankahrun og fjármagn til uppbyggingar Eyrardalsbæjarins og starfseminnar varð ótryggara en áður. En allir lögðust á eitt og í júní á síðasta ári var Melrakkasetrið opnað, með pompi og prakt. Allar áætlanir höfðu staðist. Margir sigrar hafa unnist og nú er Melrakkasetrið góð og gild stofnun sem litið er upp til. Lonely Planet travel guide mælir sérstaklega með heimsókn til okkar og erum við afar stolt af því að vera á listanum þeirra ásamt fleiri leiðbeinandi ferðarita.

Sumarið 2010 var frábært, gott veður alla daga og brosmildir og flinkir sumarstarfsmenn stóðu vaktina. Við fengum góða gesti í opnuninni, íslenska sem erlenda, kveðjur m.a. frá Sir David Attenborough og ráðamönnum þjóðarinnar og frábærar viðtökur gesta í allt sumar. Alltaf bætist í félagahópin og ólíklegustu menn orðnir okkar helstu stuðningsaðilar.

Get ég ekki annað en verið ánægð og stolt af því að fá að taka þátt í þessari uppbyggingu og vonast til þess að fá að halda áfram að starfa við að auka hróður melrakkans, okkur öllum til hagsbóta.

Ester Rut Unnsteinsdóttir, forstöðumaður

### Stjórn og starfsmannamál

Á sl. starfsári hefur stjórn verið þannig skipuð: Barði Ingibjartsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ómar Már Jónsson og Böðvar Þórisson. Til vara: Elías Oddsson. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Ómar formaður stjórnar og Ester ritari, aðrir stjórnarmenn voru meðstjórnendur. Endurskoðandi hefur verið Guðmundur Kjartansson hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Haldnir voru 13 stjórnarfundir á starfsárinu 2010 en jafnframt voru haldnir nokkrir óformlegir fundir þegar þess þurfti. Stjórn, að hluta eða í heild, sat einnig ýmsa fundi með samstarfs- og/eða opinberum aðilum.

Bókhald og almenn skrifstofustörf hafa verið unnin af Jónínu Hansdóttur á skrifstofu Súðavíkurrepps. Ester Rut Unnsteinsdóttir hefur frá upphafi sinnt starfi framkvæmdastjóra og var ráðin í þá stöðu frá 1. janúar 2009. Skrifstofuhald og umsýsla, fyrir utan störf Jónínu, hefur farið fram á heimili forstöðumanns og í húsnæði Melrakkaseturs Íslands í Eyrardal.

Sumarið 2009 var Auður Alfífa Ketilsdóttir (Fífa), nemandi við Hagnýta menningarmiðlun hjá HÍ, ráðin til þess að hanna og setja upp sýningu um refaveiðar og refaveiðimenn á Melrakkasetrinu. Ráðningin var til þriggja mánaða 2009 en húsið var þá ekki tilbúið. Fífa kom til Súðavíkur í byrjun júní 2010 til að setja upp sýninguna fyrir opnun. Forstöðumaður hannaði og setti upp líffræðihluta sýningarinnar og Finnur Arnar Arnarson leikmyndahönnuður sameinaði útlit sýningarhlutanna.

Með framlagi Vinnumálastofnunar í gegnum verkefnið „Átak til atvinnusköpunar“ voru ráðnir fjórir sumarstarfsmenn, þau Fanney Þórisdóttir, Hjörleifur Einarsson, Inga Vala Jónsdóttir og Rúna Esradóttir. Inga Vala og Fjóla Þórisdóttir störfuðu með forstöðumanni út ágúst og Dagný Axelsdóttir vann einnig hjá okkur af og til þegar á þurfti að halda.

### Samstarfsaðilar

Við opnun sýningarinnar þann 12. júní fengum við góða aðstoð frá íbúum bæjarins. Bakstur var í höndum Salbjargar Þorbergsdóttur, Oddnýjar Bergsdóttur, Barða Ingibjartssonar og Rannveigar Ragnarsdóttur. Lilja Kjartansdóttir, Ester Guðjónsdóttir, Fjóla Þórisdóttir, Petrína Sigurðardóttir, Guðjón Kjartansson, Böðvar Þórisson, Elías Oddsson, Ómar Már Jónsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Auður Alfífa Ketilsdóttir, Oddur Elíasson, Hjörleifur Einarsson, Fanney Þórisdóttir og Dagný Axelsdóttir hjálpuðu til við undirbúning sýningar, uppsetningu á húsgögnum og við afgreiðslu og frágang í opnuninni. Jón Ragnarson og Loftur Ingason smíðuðu fyrir okkur forlata afgreiðsluborð.

Miklu fleiri hafa lagt okkur lið en of langt mál að telja upp nöfnin hér, á heimasíðunni er sérstök þakkarsíða og gott væri að fá ábendingar ef einhvern vantar á þann lista.

Páll Hersteinsson hefur látið setrinu í té fjöldann allan af fræðslufni og lesið yfir allan texta sem frá setrinu er sendur, bæði á íslensku og ensku. Frank Drygala og Tobias Mennle þýddu texta af ensku yfir á þýsku. Sjálfboðaliðar frá Háskólasetri Vestfjarða tóku þátt í uppbyggingu Eyrardalsbæjar með því að hreinsa gamlar spýtur og fleira. Það voru þau Óli Jens, Alan, Deb, Astrid, Eitienne, Alex, Jennifer, Lindsay, Megan og Abby. Sjálfboðaliðar við rannsóknir í Hornvík og Hestfirði 2010 voru þau Abby Sullivan, Alan Deverell, Megan Veley, Edwin Liebig, Jean Larson og Julia Lüscher.

Helgi Gunnarsson, rannsóknarlögreglumaður í Hafnarfirði, lánaði Melrakkasetrinu tófu-frímerkjasafnið sitt til að hafa til sýnis sl. sumar. Samstarfsaðilar í ýmsum verkefnum eru Náttúrustofa Vestfjarða (Þorleifur Eiríksson), Háskóli Íslands (Páll Hersteinsson), Fræðasetur Háskóla Íslands í Bolungarvík (Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir), Hornstrandastofa (Jón Björnsson), Hið Villta Norður - The Wild North, Vesturferðir, Borea Adventures, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Refaveiðimenn, sveitafélög á Vestfjörðum, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Kómedíuleikhúsið, Byggðasafn Vestfjarða, Valdimar Gíslason, Herráðið, Ferðaþjónustan í Heydal, Raggagarður, Iceland Tour Guy, Marsibil Kristjánsdóttir (Billa), Ásta Þórisdóttir, Menningarráð Vestfjarða, Þórður Sigurðsson, Ebba og Ragna, afkomendur Guðmundar Einarssonar, Guðmundar Guðmundssonar og Þorláks Guðmundssonar (Hrefnu Láka) og miklu fleiri hafa lagt Melrakkasetrinu lið með einum eða öðrum hætti.

Melrakkasetrið hlaut samþykki sem non-profit partner hjá 1% For The Planet og varð þar með, ásamt Borea Adventures, fyrsta íslenska fyrirtækið á lista samtakanna. Fyrirtæki og stofnanir sem eru, eins og Borea Adventures, meðlimir 1% For the planet, styrkja einhvern af non-profit listanum 1% af ársveltu sinni. Við getum alltaf átt von á því að hver sem er geti ánafnað okkur 1% af veltu sinni eins og Borea gerði á síðasta ári. Við gerum okkar besta við að standa undir væntingum þeirra sem hafa rétt okkur hjálparhönd og styðja verkefnið okkar.

### **Stofnfélagar og hlutafé**

Stofnendur samkvæmt stofnfundi félagsins þann 15. september 2007 eru 43 talsins og skrifuðu sig fyrir samtals kr. 2.110.000,- í hlutafé. Hlutafé skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð tíuþúsund krónur að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Stærsti hluthafinn er

Súðavíkurhreppur með 1.100.000,- í stofnfé. Á aðalfundi félagsins í maí 2010 var ákveðið að hækka hlutafé félagsins upp í 5 milljónir. Hlutafé var boðið til sölu í desember 2010 eftir að stofnfélagar höfðu haft tækifæri til að nýta sér forkaupsrétt sinn. Alls seldist nýtt hlutafé fyrir 1.165.501,- kr. sem greitt hafði verið fyrir áramót. Nokkrir þeirra sem skráðu sig fyrir auknu hlutafé greiddu í byrjun árs 2011 og kemur sú hlutafjárúkning ekki fram fyrir en á þessu ári. Einnig eru nýjir hluthafar að bætast í hópinn og enn eru til hlutabréf til sölu. Gaman er að segja frá því að hlutabréf í Melrakkasetri hafa verið notuð til gjafa, bæði til yngra og eldra fólks og þykir okkur sérstaklega vænt um að fá þannig fyrirspurnir. Kaup á hlutafé er í raun stuðningsyfirlýsing og eru hluthafarnir okkar nú orðnir 58 talsins. Þeir eru mikilvægur bakhjarl og hvatning til að vanda til verka og halda áfram að byggja upp fyrirtækið samkvæmt þeirri stefnu sem lagt var upp með í upphafi haustið 2007.

### Fjármál

Sótt var um fjármagn til margvíslegra sjóða vegna starfsemi Melrakkaseturs Íslands og fengust eftirfarandi styrkir fyrir árið 2010:

| Styrkveitandi:                | Upphæð:          | Verkefni:                               |
|-------------------------------|------------------|---|
| Fjárlaganefnd Alþingis        | 3.000.000        | Ráðning forstöðumanns                   |
| Þjóðhátíðarsjóður             | 600.000          | Sýning Melrakkaseturs                   |
| Menningarráð Vestfjarða vor   | 1.000.000        | Barnaleiðsögn Melrakkaseturs            |
| Menningarráð Vestfjarða haust | 600.000          | Sýning Melrakkaseturs                   |
| Borea Adventures              | 250.000          | Styrkur 1% af veltu: 1% For The Planet  |
| Kristjana Samúelsdóttir       | 100.000          | Styrkur til Melrakkaseturs              |
| Vinnumálastofnun              | 1.200.000        | Mótframlag vegan atvinnuátaks           |
| Vaxtarsamningur Vestfjarða    | 1.500.000        | Villt dýr að fépúfu – samstarfsverkefni |
| <b>Alls fengnir styrkir:</b>  | <b>8.250.000</b> |   |

Enn er eftir að innheimta nokkuð af þessari fjárhæð enda styrkirnir bundnir við verkefni sem enn eru í vinnslu. Greiðslur vegna styrkja á árinu 2010 voru að upphæð 6.359.693,- eins og kemur fram í ársreikningi. Eitthvað af því eru eftirstöðvar af styrkjum frá fyrra ári.

Tekjur Melrakkasetursins fyrsta starfsárið í Eyrardal voru um fjórar milljónir króna, í formi vörusölu og sölu aðgangseyris. Markmið okkar er að tvöfalda þessa upphæð á næsta ári og bindum við miklar vonir við auknar gestakomur enda setrið komið á kortið og hefur staðist væntingar eftir því sem við best vitum.



Hægt var að setja upp sýninguna og stofnsetja kaffihúsið með þeim fjármunum sem áður höfðu safnast, með hlutafé og styrkjum, þannig að aldrei kom til þess að taka þyrfti lán fyrir stofnkostnaði starfseminnar. Þó verður áfram haldið vel utan um fjármál enda tekjuliðir óútreiknanlegir og launakostnaður hár ef við ætlum að standa við eitt helsta markmið okkar, að skapa störf í héraði.

Eins og kemur fram í ársreikningum var kostnaður við stofnun og starfsemi Melrakkasetursins árið 2010 16 milljónir (þar af var launakostnaður um 10 milljónir) og tekjur voru tæpar 12 milljónir. Mismunurinn var greiddur með fé sem hafði verið safnað árið á undan og ætlaður í uppsetningu og annan stofnkostnað sýningarinnar.

Ríkisstjórnin hefur lofað sérstöku fjárframlagi til að styrkja stöðu setursins á þessu ári og því næsta og er það dýrmæt viðurkenning fyrir okkur.

## Helstu verkefni 2010

### *Opnun 12. júní:*

Stærsta verkefni síðasta árs var auðvitað undirbúningur sýningarinnar og opnun Melrakkaseturs í júní. Þar lögðu margir hönd á plóginn og í raun er magnað að horfa til baka og sjá hversu miklu var áorkað á þessum síðustu metrum. Húsið var enn í smíðum og margir hristu hausinn yfir bjartsýninni en þetta tókst allt saman. Nokkrir formlegir og óformlegir vinnudagar voru haldnir þar sem sett voru saman húsgögn og sópað í rýmum sem hægt var að byrja að vinna í. Samvinnan og einurðin í mannskapnum var mögnuð enda voru iðnaðarmenn að ljúka við frágang í sínum verkum innan um starfsfólk sem vann í að setja upp og þrifa og skúra.

Opnunarhátíðin fór vel fram, í góðu veðri og þetta var góður dagur sem við nutum öll saman, íbúar bæjarins og gestir. Dagbjört Hjaltadóttir stýrði athöfninni og margir tóku til máls. Páll Hersteinsson var kjörinn verndari Melrakkasetursins og Ómar Már sveitastjóri afhenti húsið formlega. Guðjón Arnar Kristjánsson og Kjartan Geir Karlsson opnuðu sýninguna formlega og boðið var upp á heimabakað gómsæti og kaffi sem heimamenn reiddu fram af myndarlegum hætti. Seinna um daginn var farið í sérstaka ferð á Hesteyri til að freista þess að sjá einhverja melrakka. Sú ferð var í umsjón Vesturferða og heppnaðist mjög vel, tófa sást og veðrið var með besta móti. Gestir opnunarinnar voru um 300 og var frítt inn á sýninguna fyrstu vikuna. Hægt er að skoða fréttir, ræður og myndir af opnuninni á heimasíðunni.

*Heimasíðan:*

Heimasíðan [www.melrakki.is](http://www.melrakki.is) (og [www.arcticfoxcenter.com](http://www.arcticfoxcenter.com)) hefur haldið úti fréttum og upplýsingum og hefur heimsóknnum á hana fjölgað tífalt frá því árið 2009. Á henni er sjálfsagt að finna stærsta heildstæða myndabanka um tegundina sem til er. Langflestar myndirnar eru teknar á Íslandi og mikið af þeim eru frá heimspekkum ljósmyndurum og sumar vakið athygli og verið beðið um þær m.a. í bækur og ýmis rit. Melrakkasetrið er einnig með tæpa 1000 félagar á Facebook og fer hægt fjölgandi. Einnig er hægt að fletta upp í fréttum Melrakkaseturs frá upphafi á heimasíðunni auk þess sem þar er að finna margvíslegan fróðleik. Í haust er ráðgert að endurskoða heimasíðuna og leita tilboða til að lækka kostnað við hana. Þó við séum komin í húsnæði gegnir heimasíðan áfram mikilvægu hlutverki og nauðsynlegt að sinna henni vel.

*Fræðslumál:*

Námskeið um melrakka sem auðlind í ferðamennsku var haldið á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í byrjun júní 2010. Námskeiðið var ágætlega sótt og voru tvöfalt fleiri þátttakendur en árið á undan. Forstöðumaður var svo beðin um að koma með sambærilegt námskeið sem hluta af námi í Ferðamálafræði við Háskóla Íslands og fór sú kennsla fram í október.

Sumarstarfsmönnum 2010 gafst kost á að sækja námskeiðið Færni í ferðaþjónustu hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða og sóttu þær Rúna Esradóttir og Inga Vala Jónsdóttir námskeiðið á vegum Melrakkaseturs Íslands.

*The wild North:*

The Wild North (TWN) er alþjóðlegt samstarfsverkefni um sjálfbæra náttúruulífsferðamennsku (e. sustainable wildlife tourism). Melrakkasetrið leiðir vestfjarðarklasa TWN og eru samstarfsaðilar Náttúrustofa Vestfjarða, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Hornstrandastofa, Borea Adventures og Vesturferðir. Styrktaraðilar TWN eru NORA, NATA ofl. Stærsta verkefni okkar í TWN er rannsókn á áhrifum ferðamanna á atferli refa á Hornströndum en við höfum einnig hannað skilti með leiðbeiningum sem verða sett upp á Hornströndum. Fræðasetur HÍ hefur unnið rannsóknir á ferðamönnum og Náttúrustofan hefur kortlagt dýralíf sem hægt er að sýna ferðamönnum. Ferðaskrifstofurnar tvær hafa þróað og prófað ferðir með leiðsögn og Hornstrandastofa er að vinna í upplýsinga- og fræðslumálum. Forstöðumaður starfar með öllum þátttakendum í þróun verkefnisins. Vestfjarðaklasi TWN sá um að halda ársfund og námskeið samtakanna sem fóru fram í Súðavík, í Bolungarvík og á Ísafirði í október. Þátttakendur

voru um 40 og dvöldu þeir á svæðinu í að minnsta kosti fjóra daga. Vaxtarsamningur Vestfjarða veitti styrk til Melrakkaseturs og vestfjarðaklasans til þessa verkefnis. Næsti fundur The Wild North verður haldinn í Alta í Noregi næsta haust.

*Refaráðstefna / arctic fox conference:*

Ester var boðið að taka þátt í alþjóðlegri ráðstefnu um heimskautarefinn sem haldin var í Svíþjóð í febrúar 2009. Tengslanet var myndað við vísindamenn sem vinna við tegundina, allt umhverfis norðurheimskautið, en 70 manns voru á ráðstefnunni. Á opunarhátíð Melrakkasetursins í júní komu Dr. Anders Angerbjörn, Dr. Bodil Elmhagen og Dr. Páll Hersteinsson ásamt Karin Norén, sem var að ljúka doktorsnámi nú í vetur. Anders, Bodil og Páll eru lykilaðilar í undirbúningi alheimsráðstefnunnar 2013. Melrakkasetrið hefur fengið beiðni um að halda slíka ráðstefnu árið 2016 og ætlum við svo sannarlega að gera okkar besta til að svo geti orðið.

*Handverk*

Efnt var til samkeppni síðla vetrar 2009, um hönnun og framleiðslu minjagripa til að selja á Melrakkasetrinu. Þrjár tillögur hlutu náð dómnefndar og nú eru til vörur hjá okkur sem ekki fást annarsstaðar: Grjót með refasporum eftir Önnu Sigríði Sigurjónsdóttur myndhöggvara, refahaus úr silfri eftir Finn Þórðarson gullsmið og krosssaumsmýnd af ref eftir Berglindi Sveinsdóttur. Enn bættist í vörulistann því glerdiskar með refasporum eftir Svöfu Einarsdóttir hafa einnig verið til sölu hjá okkur. Mest hefur þó selst af límmiðum, stuttermabolum og svuntum með umferðamerkinu „Refur á veginum“. Við seljum einnig nokkra hefðbundna minjagripi og valdar bækur sem erfitt er að fá annars staðar.

Á aðventunni og páskunum vorum við með opið markaðstorg á loftinu og komu ýmsir aðilar þar til að selja handverk. Þetta kom vel út og skapaði góða stemningu á loftinu okkar.

*Myndatökur*

Eftirspurn hefur myndast um stað til að taka vetrarmyndir af tófum. Hornstrandir eru bæði kostnaðar- og tímafrekar á þessum árstíma svo leitað var á önnur mið í tilraunaskyni. Samið var við landeigendur um friðun og sett út æti í Hestfirði 2009 og í Heydal 2010. Í stuttu máli gekk það ekki vel í fyrstu enda eru dýrin næturvirk á þeim svæðum þar sem skotveiðar eru stundaðar. Ákveðið var að halda áfram með þetta verkefni og sjá hvað það tæki langan tíma að spekja dýr til ljósmyndunar. Nokkrir af sjálfboðaliðum síðasta árs voru settir í að meta árangurinn og er enn verið að vinna í þessu verkefni. Aðeins er farið að bera á árangri en þó ekki nóg til að hægt sé að

lofa neinu. Kostir þess að þurfa ekki að sigla á staðinn eru ótvíræðir en verkefni sem þetta skapar tekjur fyrir staðarleiðsögumenn og landeigendur.

Kvikmyndagerðarmenn frá Þýskalandi komu til okkar í mars-ágúst 2009 til að filma melrakka. Þetta voru þeir Tobias Mennle og Frank Drygala, líffræðingur. Komu þeir aftur í mars 2010 og unnu fram á sumarlök við að ljúka tókum á heimildarmynd Tobiasar um náttúru og dýralíf á Íslandi. Við höfum fengið talsvert myndefni og aðrar upplýsingar frá þeim félögum auk þess sem þeir aðstoðuðu við þýska textavinnu á sýningunni og í auglýsingum. Myndin var frumsýnd í mars 2011 og við fáum hana senda til að sýna í Melrakkasetrinu í sumar.

Franska sjónvarpsstöðin Ushuaya TV naut einnig aðstoðar okkar við að filma melrakka 2009. Þar var á ferðinni sjónvarpskonan Marie-Helène Baconnet sem hefur um áratugaskeið framleitt náttúrulífsmýndir fyrir stöðina. Við höfum fengið myndina frá henni og ætlum að sýna í Melrakkasetrinu í sumar. Einnig eigum við von á annari franskri mynd sem tekin var 2008 og sýnd á sömu sjónvarpsstöð.

Haustið 2009 hafði danskur ljósmyndari samband við okkur og óskaði eftir því að fá að vera opinber ljósmyndari setursins. Hann heitir Uri Golman og eftir nokkra rannsóknarvinnu komumst við að þeirri niðurstöðu að það kæmi vel út fyrir okkur að hafa hann með okkur í liði. Uri fjármagnar sig sjálfur með styrkjum og hefur þegar fengið Skandinavíudeild National Geographic til að birta efni um verkefni hans um refina á Hornströnum. Uri kom til landsins í mars en þá var eldgos í gangi og hann eyddi stuttum tíma sínum þar. Við höfum ekki enn fengið Uri til okkar en þegar hann kemur, bjóðum við hann velkominn í rebbaliðið.

Daníel Bergmann hefur frá upphafi látið okkur í té glæsilegar myndir sínar af refum og mun ávalt vera okkar fyrsti ljósmyndari, Daníel hvatti okkur til að ganga í lið með Uri en þeir koma báðir með okkur til Hornstranda næsta sumar.

#### *Krufningar*

Í samstarfi við Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða sendum við sveitafélögum á Vestfjörðum tilboð um að kryfja dýr, sem greitt væri fyrir veiðar á af hálfu sveitafélaganna, árið 2009. Hugmyndin er sú að afla upplýsinga um ástand refastofnsins á Vestfjörðum á eins ódýran og hagkvæman hátt og hægt er. Það teljum við að sé best gert með því að nýta þau dýr sem eru felld og greitt fyrir hvort sem er. Við fengum 38 dýr árið 2009 og 45 árið 2010, flest frá

Súðavíkurbreppi. Páll Hersteinsson kom vestur og krufði dýrin með forstöðumanni í aðstöðu þeirra Guðmundar og Ragnars Jakobssona í Bolungarvík. Ekki hefur verið gengið frá formlegum samningi við neitt sveitafélag enn vegna verkefnisins en nú eru t.d. Strandir að bætast í hópinn. Verkefnið hefur vakið mikla athygli og hefur fjórðungssambandið lýst yfir áhuga á samstarfi í þessum málaflokki og hvatt sveitafélög til að taka þátt.

#### *Samfélagsmál*

Melrakkasetrið sinnir sínu nærsamfélagi og hefur boðið nemendum í Grunnskóla Súðavíkur upp á fræðslu um melrakka, mýs og fleiri spendýr í íslenskri náttúru. Forstöðumaður Melrakkasetursins hefur heimsótt alla árganga í eina til tvær kennslustundir í senn, styst hjá yngsta hópnum og lengst hjá þeim elstu. Börnin lærðu um spendýr á Íslandi með sérstakri áherslu á hagamýs og melrakka. Þetta verkefni er með því skammtilegra sem forstöðumaður hefur tekið að sér og gekk vonum framar.

Eldri borgarar og grunnskólabörn í Súðavík eiga sér athvarf í Melrakkasetrinu og þurfa ekki að greiða fyrir aðgang á sýninguna. Þó er gert ráð fyrir að yngri börnin komi í fylgd fullorðinna.

#### *Kaffihús*

Rebbakaffið sló rækilega í gegn síðasta sumar og kom mjög vel út að geta boðið upp á kaffi og með því í tengslum við sýninguna. Ekki spurning að það skipti sköpum í að stoppa fólk lengur á svæðinu. Gestir rebbakaffis voru ekki taldir en líklega um tvöfalt fleiri en gestir sýningarinnar, í það minnsta. Sú ákvörðun var tekin að selja léttvín og bjór en leyfið kostaði um 160 þúsund. Þetta hefur mælst vel fyrir og notalegt að sitja á pallinum í sumarsólinni með einn kaldan, rautt eða hvítt. Mikið var óskað eftir súpu eða léttu snarli og verður það í boði næsta sumar. Hér var haldið brúðkaup og trúbadoratónleikar ásamt súpufundi í sumar. Nokkuð hefur verið um fundi og skemmtiheimsóknir í setrið í vetur, t.d. sluddublót og óvissuferð.

#### *Sýning*

Sýningin var sett upp á met tíma sl. vor og þykir einstaklega vel heppnuð og fróðleg. Hún er þrískipt: Líffræðihluti, veiðihluti og veiðimannahluti. Ester og Fífa hönnuðu sinn hvorn hlutann og svo var það Finnur Arnar hönnuður sem samræmdi útlitið. Refir voru uppstoppaðir af Þorvaldi Björnssyni hamskera en Guðmundur Jakobsson frá Reykjafirði útvegaði dýrin ásamt fleirum. Guðmundur strekkti skinn á grindur samkvæmt gamalli hefð og útbjó þannig fyrir okkur nokkra „melrakkabelgi“ sem hann síðan gaf Melrakkasetrinu. Valdimar Gíslason á Mýrum í Dýrafirði lét

af hendi efni um Herráðið fyrir sýninguna. Páll Hersteinsson lánaði rannsóknargræjur sínar og lét af hendi rannsóknarniðurstöður til sýningarinnar. Aðrir munir eru fengnir að láni t.d. hjá Byggðasafni Vestfjarða, Náttúrustofu Vestfjarða og einkaaðilum.

Kvikmyndaefni til að hafa á skjá er frá Hjalta Stefánssyni hjá Tókataekni. Nóg er til af efni til að bæta á sýninguna og mun forstöðumaður setja upp barnaleiðsögn um leið og starfsmenn mæta í vor. Um er að ræða teikningar sem Marsibil Kristjánsdóttir gerði af Mikka og melrökkunum. Þær verða inni á sýningunni og einnig í vörum sem hægt er að selja svo sem stuttermabolum og litabók.

#### *Leikrit*

Kómedíuleikhúsið fékk styrk til að semja og leikstýra leikverkinu Gaggað í grjótinu sem var sýnt í Melrakkasetrinu síðastliðið sumar. Leikstjóri er Halla Margrét Jóhannesdóttir en Elvar Logi leikur. Brúðuleikhúsið Mikki og melrakkarnir varð til í höfði forstöðumanns rétt fyrir opnun í fyrra. Verkefnið er að verða að raunveruleika þar sem Ásta Þórisdóttir á Hólmavík er að leggja lokahönd á tilbúið leikrit með handriti og brúðum. Við munum fá það hingað í maí og þjálfa fólk í heimabyggð til að halda uppi sýningum í sumar. Leikritin eru bæði styrkt af Menningarráði Vestfjarða.

#### *Frosti*

Frosti er hvítur melrakki sem komið var með á setrið þegar hann var um það bil fimm vikna gamall, snemma sumars 2010. Frosti var alinn hjá Kjartani Geir Karlssyni, reyndum veiðimanni sem oft hýsti yrðlinga hér áður fyrr eins og algengt var. Frosti kom stundum í heimsókn og seinnipart júlímánaðar fékk hann sitt eigið "greni" í bakgarðinum. Frosti var vinalegur og fékk marga gesti í heimsókn. Í nóvember fékk Frosti frelsið og heldur sig vonandi einhversstaðar í nágrenni Heydals, ævintýradalsins í Mjóafirði. Við vonum að Frosti sé enn á lífi og njóti frelsisins í náttúrunni. Hægt er að skoða myndir og sögur af Frosta á heimasíðunni.

### **Áætlun 2011**

Við erum bjartsýn á komandi sumar og gerum ráð fyrir að gestafjöldinn tvöfaldist í það minnsta. Vinnumálastofnun hefur gefið vilyrði fyrir stuðningi við ráðningu fjögurra sumarstarfsmanna og opnunartíminn verður áfram 10-22 eins og síðasta sumar. Samkvæmt rekstraráætlun gerum við ráð fyrir allt að 6000 gestum og að tekjur og styrkir verði allt að 15 milljónum króna.

Launakostnaðurinn er líklega svipaður milli ára en annar kostnaður ætti að verða mun minni. Gert er ráð fyrir að starfsemi setursins muni standa undir kostnaði við sumarstarfsmenn og rekstur kaffihúss en að laun forstöðumanns verði áfram háð styrkjum frá opinberum aðilum og í formi ýmissa verkefna. Ríkisstjórn Íslands hefur heitið stuðningi næstu tvö árin og verið er að semja við Umhverfisráðuneytið. Vegna sérstakrar hálfslíðu í Lonely Planet Travel guide, þar sem mælt er með sjálfbærniávinu í Melrakkasetrinu, höfum við fengið fjölmargar beiðnir um slíkt. Settur var upp sérstakur verkefnalisti á heimasíðunni og umsóknir berast nær daglega. Því er gert ráð fyrir að unnin verði fleiri refavöktunarverkefni og á fleiri stöðum en áður. Einnig er áætlað að fara í spurningakönnun meðal ferðamanna, sem er hluti af verkefni okkar innan The Wild North. Vonandi verður grasagarðurinn að veruleika í sumar.

Í sumar verður sett upp brúðuleikhús og barnaleiðsögn sem Menningarráð Vestfjarða hefur styrkt myndarlega. Einleikurinn Gaggað í grjótinu verður sýndur 6-8 sinnum í sumar eins og í fyrra. Boðið verður upp á súpu og snarl til viðbótar við hinar víðfrægu vöflur og rebbaköku. Forstöðumaður sinnir rannsóknum og leiðsögn fyrir Borea og Vesturferðir eins og áður. Tónleikar verða nokkrum sinnum í sumar, m.a. með Mugison, Skúla mennska og Svavari Knúti. Melrakkasetrið tekur virkan þátt í Bláberjadögum sem haldnir verða í lok ágúst. Hér verða haldin fræðsluerindi um villtu berin okkar og lifandi tónlist leikin auk þess sem hér verður handverksmarkaður og listasýningar á loftinu. Ekki er von á öðru en að sumarið verði gott fyrir Melrakkasetrið og að húsið í Eyrardal verði vel nýtt undir ýmsa viðburði allt árið.

Stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf.

Barði Ingibjartsson

Dagbjört Hjaltadóttir

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Ómar Már Jónsson

Böðvar Þórisson

Elías Oddsson

Ársskýrsla þessi er lögð fram á aðalfundi þann 7. maí 2011